



Skýrsla Skógræktarfélags Selfoss um framkvæmdir í Hellisskógi á árinu 1997.

Félagsmenn unnu þrjú kvöld við plöntun, umhirðu og áburðargjöf eins og undanfarin sumur.

Eins og undanfarin ár sinnti Örn Óskarsson verkstjórn þessi vinnukvöld í Hellisskógi ásamt því að skipuleggja framkvæmdir, kaupa áburð og plöntur.

Tré komu vel undan vetri þó svo aðeins hafi séð á stafafuru og vöxtur á sumrinu var góður.

Helstu framkvæmdir í Hellisskógi 1997.

1) Plöntun og áburðargjöf: Félagsmenn unnu þrjú kvöld við plöntun og áburðargjöf.

Miðvikudaginn 4. júní kl. 8:30-22:30 var plantað 525 plöntum af hreggstaðavíði (fp) í skjólbelti ofan við gömlu ruslahaugana og 210 birkiplöntum (fp) í móann þar við hliðina. Einnig var 160 kg (4 pokar) af blákorni dreift á skjólbeltin. Aðeins 11 menn mættu enda var hiti rétt um frostmark þetta kvöld.

Mánudaginn 9. júní kl. 8:30-22:30 var plantað í trjásafnsreitinn (Júllareit). Dreift var 80 kg af blákorni. Aðeins 11 mættu þrátt fyrir gott veður.

Eftirfarandi tegundum var plantað í trjásafnið:

<u>Tegund</u>	<u>Fjöldi</u>
Mansjúríubjörk	5
Blæölur	5
Hæruölur	2
Yllir	5
Silfurreynir	5
Knappareynir	2
Fjallarífs	5
Gljámispill	5
Selja	5
Körfuvíðir	5
Myrtuvíðir	5
Fagurvíðir	5
Loðvíðir	3
Silkivíðir	3
Hrísvíðir	3
Skriðvíðir	3
Lappavíðir	3
Broddgreni	1
Svartgreni	3
Stafafura (Snæfoksst.)	5

Fimmtudagur 12. júní. kl. 8:30-22:30. Plantað var 1085 birkiplöntum í skjólbelti framan við Helli og í nokkrar þyrpingar ofan við Helli. Einnig var áburði dreift úr 6 pokum (240 kg af blákorni) á skjólbelti og tré vestan við tjörnina. Alls komu 13 menn til vinnu þetta kvöld.

Mánudaginn 23. júní kl. 13:00-15:00 plöntuðu 6 unglingar + verkstjóri úr unglingavinnu um 700 plöntum af birki í þyrpingar ofan við Helli. Alls var því plantað 1995 birkiplöntum af yrkinu Embla í Hellisskógi sumarið 1997.

2) Göngustígar. Vinnuflokkur úr unglingavinnu Selfossbæjar ók viðarkurli í Hellisbrú frá girðingu ofan við Stekkjarholt niður að Hellisholti. Verkið var unnið af og til í júlí og ágúst. Ekki tókst að ljúka við allan stíginn. Þessi framkvæmd var að öllu leyti að frumkvæði starfsmanna Selfossbæjar sem þarna nýttu viðarkurl sem féll til á gámasvæði Selfossbæjar, ásamt því að fá verkefni fyrir unglingavinnu.

Því miður gekk verkið hægar en í upphafi var áætlað. Haugar af viðarkurli voru því við báða enda stígsins í allt sumar og afgangarnir áfram á vetur. Af þessu er talsverður óþrifnaður og haugarnir lítið augnayndi. Einnig var töluvert drasl í kurlinu.

3) Uppgræðsla. Eins og undanfarin sumur óku starfsmenn Selfossbæjar miklu magni af grasi í moldarflög í Hellisskógi. Þessi uppgræðsluáferð hefur skilað miklum og góðum árangri og nú er að verða lítið eftir af þeim moldarflögum og rofabörðum sem áður einkenndu holtin. Þetta sumar gekk mun hægar en oftast áður að dreifa grasinu og hreinsa upp ýmiskonar drasl sem fylgdi með.

Selfossi 1. des. 1997
Örn Óskarsson